Samningur

Stykkishólmsbær og Byggðasamlag Snæfellinga bs. gera hér með svofelldan samning um rekstur Byggðasafns í Norska húsinu í Stykkishólmi og rekstur EarthCheck verkefnisins gagnvart Náttúrustofu Vesturlands.

Stykkishólmsbær tekur að sér f.h. Byggðasamlags Snæfellinga bs. að sjá um daglegan rekstur Byggðasafns Snæfellinga í Norska húsinu í Stykkishólmi ásamt geymslu að Reitarvegi 3 í Stykkishólmi.

Starfsmenn Byggðasafnsins verða starfsmenn Stykkishólmsbæjar og skal farið eftir þeim kjarasamningum og reglum sem um starfsmenn bæjarins gilda.

Yfirumsjón með faglegum málum Byggðasafnsins f.h Stykkishólmsbæjar verður á hendi Safna- og menningamálanefndar Stykkishólmsbæjar.

Forstöðumaður safnsins og starfsmaður þess skulu aðstoða önnur söfn á Snæfellsnesi, sem heyra undir þau sveitarfélaög sem að Byggðasamlaginu standa, við skráningu muna. Þá getur forstöðumaður safnsins veitir framangreindum söfnum ráðgjöf við sýningar eða setja upp sýningar sem verið hafa í Norska húsinu.

Safnið skal rekið í samræmi við safnalög nr. 141/2011.

Um fjármál safnsins og fjárhagslega ábyrgð á rekstri þess skal farið eftir ákvæðum stofnsamnings Byggðasamlags Snæfellinga sem gerður var 13. febrúar 2017.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2017 og geta báðir samningsaðilar sagt honum upp með árs fyrirvara miðað við áramót.

Til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Stykkishólmi 10/3 2017

F.h. Byggðasamlags Snæfellinga

F.h. Stykkishólmsbæjar

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði:

300765-3779

251164-4879